

**Ed.**

**307. L Ö G**

um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávisunum.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávisunum, skulu vera í gildi til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.